

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

98. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn miðvikudaginn 19. maí 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jón Ingi Gíslason og Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Réttur kennara sem ráðinn er í forfallakennslu til skemmri tíma en 3 mánaða til að fá ráðningu á föstum mánaðarlaunum skv. grein 1.1.3. - 2106001SA

Til FG leitaði kennari sem ráðinn var tímabundið á tímabilinu 26. apríl til 10. júní 2021 vegna forfalla annars kennara. Kennarinn undirritaði ráðningarsamning um 75% starf en samningi var síðan breytt og viðkomandi gert að starfa sem stundakennari á framangreindu tímabili. Sveitarfélagið fer fram á þetta ráðningarform sé viðhaft með vísan til þess að skv. grein 1.1.3. Mánaðarlaun í hlutastarfi sé heimilt að ráða starfsmann sem er ætlað að starfa skemur en þá 3 mánuði sem kjarasamningur gerir grein fyrir og veitir rétt til að taka föst mánaðarlaun. Í grein 1.1.3. segir:

„Kennari sem ráðinn er í 1/3 eða stærra stöðuhlutfall í þrjá mánuði eða lengur skal taka föst mánaðarlaun“

Niðurstaða:

Þar sem viðkomandi kennari er ráðinn til skemmri tíma en 3 mánaða á hann ekki einhliða rétt skv. grein 1.1.3. til að taka föst mánaðarlaun. Sveitarfélag getur þrátt fyrir orðalag greinar 1.1.3. tekið ákvörðun um að ráða starfsmann á föst mánaðarlaun þó starf sé minna en þriðjungur og ráðningu ætlað að standa skemur en þrjá mánuði kjósi það svo.

Samningsaðilar eru sammála um að í grein 1.1.3. eða í öðrum ákvæðum kjarasamnings komi ekki skýrt fram hvornig ber að greiða starfsmanni laun ef hann uppfyllir ekki skilyrði um að vera í meira en þriðjungi af fullu starfi og eigi skemur en þrjá mánuði. Skv. kjarasamningi, grein 1.4.1. er þó heimilt að greiða þeim sem vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum tímavinnukaup. Samningsaðilar hafa ekki gert ágreining um að ráðningarform til stundakennslu sé heimilt innan

grunnskólans enda hefur það fyrirkomulag verið við líði um langt árabíl. Ekki er gerð grein fyrir stundakennaralaunum í kjarasamningi aðila. Stundakennaralaun eru greidd með tímakaupi á hverja kennda 40 mínútna kennslustund og er undirbúningur og úrvinnsla þeirrar kennslu sem um ræðir innifalin í tímakaupi. Kennari hefur því enga aðra vinnuskyldu en að kenna þá kennslustund sem greitt er fyrir og undirbúa hana.

Samningsaðilar eru sammála um að framangreint fyrirkomulag þarfnist endurskoðunar og við gerð næsta kjarasamnings verði fyrirkomulag ráðninga og réttinda þeirra kennara sem ekki fá greidd föst mánaðarlaun skv. grein 1.1.1 og 1.1.3. tekið til endurskoðunar.

2. Önnur mál

Félag grunnskólakennara lagið fram til kynningar tvö mál sem óskað er fyrirtöku í samstarfsnefnd. Málín líta að greiðslum til kennara á neyðarstigi almannavarnarlaga er líta annarsvegar að fjarkennsluálagi og hinsvegar yfirvinnu vegna breytinga á viðveruskyldu þegar kennsla var færð til milli vikudaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:00.